

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2013

2013/EES/31/16

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/194/ESB frá 11. apríl 2012 um breytingu á ákvörðun 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum (IFRS) við gerð samstæðureikningsskila sinna ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 23c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 D 0194:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/194/ESB frá 11. apríl 2012 (Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 49).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/194/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.